

REGLUGERÐ

um löggæsluskilríki Landhelgisgæslu Íslands.

1. gr.

Löggæsluskilríki Landhelgisgæslu Íslands eru sérstök skilríki sem gefin eru út af Landhelgisgæslu Íslands til handhafa lögregluvalds, sbr. 21. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 52/2006.

Eingöngu skal gefa út löggæsluskilríki til fastráðinna starfsmanna sem vegna starfa sinna þurfa að nota þau að mati forstjóra.

Skilríkin eru eign Landhelgisgæslunnar.

2. gr.

Löggæsluskilríkin skulu vera samsett úr tveimur einingum, skilríkjakorti og öryggiskorti. Upplýsingar á fram- og bakhlið löggæsluskilríkjanna skulu vera læsilegar með berum augum þar sem hæð hvers stafs er a.m.k. 5 punktar.

Á skilríkjakortinu skal vera merki Landhelgisgæslu Íslands í efra vinstra horni og í efra hægra horni skal vera skjaldarmerki Lýðveldisins í lit. Milli þessara merkja skal vera áletrunin „Landhelgisgæsla Íslands“ með svörtu letri. Grunnlitur skal vera hvítur með Landhelgisgæslumerkinu sem vatnsmerki.

Á öryggiskortinu skal vera merki Landhelgisgæslu Íslands fyrir miðju. Efst skal vera áletrunin „Landhelgisgæsla Íslands“ og síðan með smækkuðu letri „Icelandic Coast Guard“. Þá kemur áletrun með rauðum stöfum: „Handhafi lögregluvalds“, og þar fyrir neðan til hægri með svörtu smáu letri: „skv. lögum nr. 52/2006.“ Neðst skal vera áletrunin „Ísland“. Grunnlitur skal vera hvítur og skjaldarmerki Íslands þrykkt í kortið sem vatnsmerki.

3. gr.

Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar á bakhlið skilríkja- og öryggiskortsins:

„Handhafi þessa korts er starfsmaður Landhelgisgæslu Íslands og hefur lögregluvald í efnahagslögsögu Íslands. Kortið er eign Landhelgisgæslu Íslands. Týnist það er þeim sem finnur kortið skylt að skila því á næstu lögreglustöð. Misnotkun þessara skilríkja varðar við 117. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

Tilvitnaði textinn á að vera með feitletruðum stöfum og undir honum á að vera ensk þýðing textans án feitletrunar:

„The holder of this card is an employee of the Icelandic Coast Guard and has police authority in the Icelandic EEZ. This card is the property of the Icelandic Coast Guard. If found, it must be returned to the nearest police station. Any misuse of this identification is subject to penalties under Article 117 of the Icelandic Penal Code No. 19/1940.“

Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar á framhlið skilríkjakortsins:

a. Raðnúmer skilríkis.

b. Brjóstmynd (35 x 45 mm) af skírteinishafa í litum á ljósum bakgrunni. Starfsmenn Landhelgisgæslunnar skulu vera í hvítu skyrtu með svart hálsbindi eða hálstau án einkennishúfu.

c. Fullt nafn handhafa skilríkis.

d. Landhelgisgæslunúmer.

e. Útgáfudagur.

Þessar upplýsingar skulu skráðar á öryggiskortið:

a. Raðnúmer skilríkis.

4. gr.

Skilríkjakortið og öryggiskortið skal varðveita í svörtu skinnveski. Veskið skal vera ein opna með tveimur plastvösum sem kortunum er smeygt í þannig að framhlið þeirra sjáist þegar veskið er opnað, öryggiskortið að ofan og skilríkjakortið að neðan.

5. gr.

Starfsmaður Landhelgisgæslu Íslands sem fer með lögregluvald skv. 6. gr. laga nr. 52/2006 fær úthlutað fjögurra stafa landhelgisgæslunúmeri.

Fyrstu tveir stafirnir ráðast af upphafsári við störf hjá Landhelgisgæslu Íslands en seinni tveir segja til um röðun þeirra sem ráðnir eru á sama árinu. Ef tveir eða fleiri byrja á sama ári fær sá er fyrr byrjaði á árinu lægra númer. Miða skal við dagsetningu ráðningarsamnings.

Ef starfsmaður verður handhafi lögregluvalds og annar aðili er með númer sem viðkomandi á að fá samkvæmt 2. mgr. 5. gr. hér að ofan skal hann fá næsta lausa númer sem næst því númeri sem hann átti að fá.

6. gr.

Handhafi lögregluvalds skal hafa skilríkin meðferðis við framkvæmd löggæslustarfa. Starfsfólki er óheimilt að nota skilríkin í öðrum tilgangi en fellur undir löggæslustörf samkvæmt lögum um Landhelgisgæslu Íslands.

Óeinkenskilt starfsfólk Landhelgisgæslunnar skal við störf að jafnaði gera það ljóst að það sé handhafi lögregluvalds áður en það ber upp erindi sitt. Þetta getur það gert með því að framvísa löggæsluskilríkjunum.

Handhafar löggæsluskilríkja skulu verða við ósk um að sýna skilríkin þegar þeir eru við störf. Þó er heimilt að víkja frá þessu ef það er ógerlegt vegna aðstæðna.

Þegar starfsfólk Landhelgisgæslunnar sem fer með lögregluvald er við störf á starfssvæði Landhelgisgæslunnar og þess er óskað að það sýni skilríki sín, skal það verða við því. Einnig skal það gera grein fyrir hvert erindi eða verkefni þess er. Starfsfólk Landhelgisgæslunnar sem aðstoðar við löggæslu í landi, skal einnig bera löggæsluskilríki.

7. gr.

Nú glatast löggæsluskilríki eða þeim er stolið og skal þá handhafi þeirra strax tilkynna það mannaússtjóra Landhelgisgæslunnar þar sem skráð verður að skilríkin séu glötuð.

Finnist glötuð skilríki skal afhenda þau aftur til handhafa þeirra hafi ný skilríki ekki verið gefin út.

8. gr.

Þegar handhafi löggæsluskilríkja hættir störfum skal hann skila löggæsluskilríkjum sínum til mannauðsstjóra Landhelgisgæslunnar sem tekur við þeim í umboði forstjóra.

Ef um tímabundna brottvísun er að ræða skal skilríkjunum skilað. Þegar viðkomandi hefur störf á ný skal afhenda honum sömu skilríki aftur.

Fari handhafi löggæsluskilríkja í launalaust leyfi skal hann skila inn löggæsluskilríkjum sínum.

9. gr.

Landhelgisgæslan skal halda skrá yfir útgefin löggæsluskilríki þar sem fram komi raðnúmer skilríkis, nafn handhafa skilríkis og kennitala, útgáfudagur og hvenær skilríki voru afhent og hvenær þeim er skilað. Í skránni skulu einnig vera upplýsingar um glötuð skilríki. Endurheimt skilríki skal varðveita hjá Landhelgisgæslunni.

10. gr.

Gildistími löggæsluskilríkja er ótímabundinn, en endurnýja skal skilríki ef upplýsingar á þeim eru orðnar ógreinilegar eða útlit viðkomandi hefur breyst það mikið að hann þekkist ekki af myndinni að mati mannauðsstjóra.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 52/2006, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brottreglugerð um löggæsluskilríki Landhelgisgæslu Íslands nr. 1170/2008.

Dómsmálaráðuneytinu, 19. júní 2026.

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.

Páll Winkel.

B deild - Útgáfudagur: 23. júní 2026